

31. **Opið bréf frá dómsmálastjórninni til yfirvalda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Sir Leopold M'Clintocks skipstjóra m. fl.** 1860.
9. Júní.

Dómsmálastjórninni hefir verið kunnugt, að á þessu ári eigi að fara fram rannsókn um, að hve miklu leyti unnt muni vera að leggja rafsegulþráð milli Norðurálfu og norðurluta Vesturálfu, eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi, svosem Tal. P. Shaffner ofursti fèkk til leyfisbréf konungs 16. ágústm. 1854. Það er og orðið stjórninni hér kunnugt, að hin enska stjórn ætlar í miðjum þessum mánuði að senda *Sir Leopold M'Clintock* norður í höf með gufuskipið *Bulldog*, til þess að rannsaka dýpt sjávarins m. fl., og stendur sendiför þessi, eptir því sem stjórninni hefir verið skýrt frá, í sambandi við þá rannsókn, er að ofan er um getið, eður jafnvel á að líkindum að vinna að hinum sama starfa.

Þess vegna skorar dómsmálastjórnin á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, og einkum amtmanninn á Færeyjum og stiptamtmaninn og amtmennina á Íslandi, að þeir láti *M'Clintock* skipstjóra í té við rannsóknir hans alla þá greiðvikni og hjálp, sem þeim er unnt.

32. **Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til annarar stjórnardeildar kirkju- og kennslumálanna, um stiðtsbókasafnið á Íslandi.** 13. júní.

Hin heiðraða stjórnardeild hefir með bræfi 18. f. m. sent hingað skjal það, sem fylgir aptur með bræfi þessu, frá kirkju- og kennslumáladeild hinnar norsku stjórnar; er þess getið í skjali þessu, að þaræð hinni norsku stjórnardeild sè mjög annt um, að eitt exemplar af riti, sem nýlega er komið á prent um dómkirkjuna í þrándheimi, komist í einhverja almenna bókhlöðu á Íslandi, mælist hún til að fá ýmsar upplýsingar viðvíkjandi stiðtsbókasafninu í Reykjavík.

Um þetta efni lætur ekki stjórnin hjálða að gefa eptirfylgjandi skýrslu: